

# STJÓRNARTÍÐINDI B 70 – 2000

4. júlí 2000

1022

Nr. 456

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og lögum um hitaveitu Reykjavíkur nr. 38, 12. febrúar 1940 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 479, 9. júlí 1999, með áorðnum breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárliðir raforku hækka um 1,7%.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Iðnaðarráðuneytinu, 4. júlí 2000.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

---

*Þorgeir Örlygsson.*

26. júní 2000

Nr. 457

## REGLUR

### um greiðslu dvalarkostnaðar vegna sjúkrahúsinnlagnar barns.

1. gr.

*Gildissvið.*

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í óhjákvæmilegum dvalarkostnaði annars foreldris (forráðamanns) á hóteli, gistihúsi eða í orlofsbústað/íbúð félagasamtaka vegna sjúkrahúsinnlagnar barns enda sé a.m.k. 20 km vegalengd milli heimilis og sjúkrahúss. Ef um erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms er að ræða er heimilt að slík greiðsla nái til beggja foreldra (aðstandenda) barns að 18 ára aldri.

2. gr.

#### **Skilyrði fyrir endurgreiðslu dvalarkostnaðar.**

Við endurgreiðslu skal framvísa kvittun fyrir dvalarkostnaði og staðfestingu frá sjúkrahúsi um sjúkrahúslegu barns. Ef um er að ræða erfiða sjúkdómsmeðferð vegna lífshættulegs sjúkdóms þar sem báðir foreldrar óska endurgreiðslu skal jafnframt framvísa læknisvottorði.